

Morgunblaðið laugardaginn 19. nóvember, 2005 - Myndlist

Hadda Fjóla sýnir í Stokkhólmi



Verk eftir Höddu Fjólu Reykdal.

HADDA Fjóla Reykdal myndlistarmaður tekur þátt í samsýningu þrjátíu myndlistarmanna í galleríinu Konstruktiv Tendens í Stokkhólmi 19. nóvember til 18. desember.

HADDA Fjóla Reykdal myndlistarmaður tekur þátt í samsýningu þrjátíu myndlistarmanna í galleríinu Konstruktiv Tendens í Stokkhólmi 19. nóvember til 18. desember. Sýningin ber yfirskriftina Geometrisk Abstraktion XXIV en þetta er árleg sýning á verkum valdra abstraktlistamanna.

Galleríið er hið eina í Svíþjóð sem einbeitt sér eingöngu að sýningum og sölu á óhlutbundinni myndlist. Það var stofnað fyrir aldarfjórðungi og þar er stærsti sýningarsalur einkaaðila í Stokkhólmi.

Hadda Fjóla lauk BA-prófi frá grafíkdeild Myndlista- og handíðaskóla Íslands árið 1998 og hefur unnið við myndlist og myndlistarkennslu síðan. Hún hélt einkasýningu á vatnslitamyndum í Listhúsi Ófeigs árið 2002 og sýningu á olíumálverkum á vinnustofu sinni í Gautaborg í maí sl.

Hadda malar óhlutbundin verk með olíu á striga og er innblásturinn sóttur til náttúrunnar á Íslandi og í Svíþjóð. Það eru þá smáatriðin úr náttúrunni, form þeirra, litir, ljós og skuggar sem mynda einfalda heild á striganum.

Konstruktiv Tendens hefur ákveðinn hóp myndlistarmanna á sínum snærum, sænskra og erlendra. Hadda segir of snemmt að segja til um hvort hún verði tekin inn í þann hóp en auðvitað yrði það lyftistöng fyrir feril hennar. "Það hefur mikla þýðingu fyrir mig að vera boðið að taka þátt í þessari sýningu núna. Þannig fæ ég tækifæri til að kynna myndirnar mínar fyrir fleira fólki og vonandi aukast líkurnar á að ég geti sýnt víðar," segir Hadda.